Stjórnarbrjef og auglýsingar.

1 10. jan.

Brjef landshöfðingja *til amtsráðs norður- og austurumdæmisins*[1] *um* fjallvegi. — Með því að svo er fyrir mælt í 2. grein laganna um vegina á Íslandi frá 15. oktbr. f. á., að landshöfðingi ákveði eptir tillögum hlutaðeigandi amtsráðs, hverjir vegir skuli vera fjallvegir, skal jeg þjónustusamlega mælast til þess, að hið heiðraða amtsráð sendi mjer sem fyrst, í síðasta lagi innan 1. ágústs þ. á., tillögur sínar um þetta mál, að því leyti norður- og austurumdæmið á í hlut.

Af því að lögin öðlast eigi gildi fyrr en áðurnefndan dag, mun varla geta orðið umtalsmál að verja nú þegar á þessu ári nokkru að mun af þeim 15000 krónum, sem veittar eru í fjárlögunum fyrir árin 1876 og 1877, til vegabóta á fjallvegum. Þó virðist mega byrja slíkar vegabœtur á þessu ári eða fara að reyna að bœta úr göllum þeim, sem mest ríður á að eyða, og verð jeg því að biðja amtsráðið að senda mjer einnig tillögur sínar um vegabœtur þær, er haganlegt virðist að undirbúa eða vinna að, sumpart á þessu ári, sumpart á árinu 1877, og býst jeg við, að hið heiðraða amtsráð í tillögum sínum skýri mjer frá, hvernig vegabœturnar að áliti þess verði unnar á sem haganlegastan hátt, og hver kostnaðurinn við þær muni verða.

Þar eð svo er fyrirmælt í 3. gr. vegalaganna, að veita skuli annaðhvort ár í fjárlögunum fje það, sem með þarf til vegabóta á fjallvegum, mun eigi vanþörf á að gjöra nú þegar áætlun fyrir fleiri ár um þessar vegabœtur, og mœlist jeg til þess, að hið heiðraða amtsráð íhugi og sendi mjer tillögur sínar um, hvernig tilgangi löggjafans með þessum lögum, sem er að koma á góðum vegum hjer á landi, verði, þegar á allt er litið, haganlegast komið fram, að því er snertir fjallvegina í norður- og austurumdœminu, hve langur tími muni ganga til þess, í hvaða röð eigi að taka nefnda fjallvegi fyrir til endurbótar og hve miklu fje œskilegt sje að varið yrði til þeirra á hverju ári.

2 15. jan.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdœminu um* að þinglýsa skuli skipunarbrjefum gjaldheimtumanna. — Hæstirjettur hefir í dómi, upp kveðnum 1. septbr. f. á., í máli milli ríkissjóðsins og skuldaheimtumannanna í búi Magnúsar Gíslasonar, álitið, að þinglesin skuld með fasteignarveði eigi að ganga fyrir fjárkröfum landssjóðs út af gjaldheimtum, ef skipunarbrjef hlutaðeigandi gjaldheimtumanns hefir eigi verið lesið á þingi því, er viðkomandi fasteign liggur undir.

Fyrir því skal jeg samkvæmt fyrirmælum ráðgjafa konungs í brjefi frá 15. nóvbr. f. á. þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla gjaldheimtumenn í umdœmi yðar, hvort sem þeir hafa verið settir um stundarsakir eða skipaðir fyrir fullt og allt, að láta þinglýsa skipunarbrjefum sínum eða löggildingum, ekki að eins þar sem þeir eiga lögheimili, heldur einnig í þeim þinghám, er þeir kynni að eiga fasteignir í.

---

1) Sama dag var ritað amtsráðunum í suður- og vesturumdœmunum á sömu leið.
2) Sama dag var ritað amtmanninum yfir suður- og vesturumdœminu á sömu leið.

Hinn 21. febr. 1876.

Reykjavík 1876. Einar Þórðarson.